

Áveitan

8. tbl. 5. árgangur. Ágúst 2011

Samhygðar og Vökumótið

Sunnudaginn 21. ágúst mun Samhygðar og Vökumótið fara fram á íþróttavellinum við Þjósársarver. Keppnin hefst stundvíslega kl 13 og keppnisgreinar verða með hefðbundnu sniði.

Konur: 100m, langstökk, hástökk, þristökk, kúluvarp, spjótkast og 800m.

Karlar: 100m, langstökk, hástökk, þristökk, kúluvarp, kringlukast og 800m.

Að keppni lokinni verður verðlaunaafhending og kaffi í Þjósársarveri. Í kaffinu verður boðið upp á sérstaka afmælisköku í tilefni 75 ára afmælis Vöku sem var 19. júlí síðastliðinn. Fólk er hvatt til að fjölmenna á staðinn og keppa eða hvetja aðra til dáða á vellinum.

Umf. Vaka

Flóamótið

Flóamótið verður haldið í byrjun september á vellinum við Þjósársarver en verður nánar auglýst síðar.

Umf. Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Atvinnu- og umhverfisnefnd

Bjarni Sigurðsson í Gegnishólaparti hefur verið kjörinn formaður atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps en fyrrverandi formaður hefur sagt af sér formennsku nefndarinnar.

Helgi Sigurðsson er nýr aðalmaður nefndarinnar og Hilda Pálmadóttir nýr varamaður.

Göngustígar við Þingborg

Unnið er að lagningu göngustíga á opnu svæði milli Þingborgar og gömlu Þingborgar. Tillögur að legu stíganna koma frá Hafsteini Hafliðasyni sem hefur einnig verið starfsmönnum sveitarfélagsins til halds og trausts við framkvæmdina.

Tilgangurinn með gerð stíganna er sá að tengja saman þessi tvö svæði en það er stórpýft og erfitt yfirferðar. Einnig verður mögulegt að nota svæðið til útiveru og útikennslu fyrir börnin á Krakkaborg með tilkomu stíganna.

Styrkur til gerðar ferða- og þjónustukorts

Sveitarstjórn hefur samþykkt að styrkja gerð ferða- og þjónustukorts fyrir Flóahrepp. Kortið er svokallað þrívíddarkort og mun liggja frammi á upplýsingamiðstöðvum og hjá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Um 23 aðilar í sveitarfélaginu standa að gerð kortsins. Kortið verður aðgengilegt á heimasíðu Flóahrepps þegar það er tilbúið og komið í rafrænt form.

Neysluvatn

Eins og undanfarin sumur hefur verið skortur á neysluvatni í sveitarfélaginu vegna þurrka. Vatnið hefur verið dælt nánast stöðugt frá Árborg í miðlunartank við Ruddakrók í allt sumar þannig að

vatnsnotendur hafa ekki orðið varir við vatnsskort.

Fyrirhugað er að fara í frekari vatnsöflun undir Ingólfsfjalli svo fljótt sem unnt er.

Framkvæmdir við skóla

Þessa dagana er verið að ljúka framkvæmdum í Flóaskóla við þá liði sem eftir voru, s.s. lagningu gólfduks en ákvörðun var tekin um það s.l. sumar að fresta þeirri framkvæmd þar til gólf yrðu örugglega laus við raka.

Í ljós kom þegar leggja átti gólfduk að gólf voru ekki nægilega vel unnin fyrir dúklögn þannig að töluverð vinna hefur farið í lagfæringar á þeim af hálfu verktaka sem nú er að ljúka.

Styrkur til ungmennafélaga Flóahrepps

Samþykkt hefur verið að ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka fái hvert um sig 50.000 kr. styrk til reksturs félaganna þriggja. Einnig hefur verið samþykkt að félögin fái 1.250.000 kr. í styrk sem ætlaður er vegna íþróttaiðkunar barna og ungmenna sem lögheimili eiga í Flóahreppi. Félögin úthluta styrkjum samkvæmt samþykktum þeirra frá árinu 2010 með þó þeirri breytingu að öll börn og unglingar hafa tök á að stækja um styrki, óháð félagaaðild að ungmennafélagunum. Samþykktir ungmennafélaganna má sjá á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is, stjórnsýsla, gjaldskrár og samþykktir.

Samningur við Sleipni

Skrifað hefur verið undir þjónustusamning við hestamannafélagið Sleipni um eflingu barna- og unglingastarfs í sveitarfélaginu. Flóahreppur styrkir barna- og ungmennastarf hestamannafélagsins um 200.000 kr. ásamt því að leggja til einn starfsmann Vinnuskólans í Reiðskóla Sleipnis. Hestamannafélagið skuldbindur sig m.a. til að standa fyrir kynningarátaki og opnu reiðnámskeiði.

Álagningarskrá

Álagningarskrá einstaklinga árið 2011 liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps til og með 8. ágúst næstkomandi á opnunartíma skrifstofunnar.

Kornsláttur-kornþresking

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt nú eins og undanfarin haust. Öflug og góð tæki, bændur eru hvattir til að undirbúa sig vel, því þá mun þresking ganga vel.

10% afsláttur frá gjaldskra fram til 10. sept. Bændur er hvattir til að nýta sér það og sleppa ekki þurrum dögum.

Sigmar í Jaðarkoti sér um tæki og tekur við pöntunum í síma 696 8653

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Kvenfélagskonur hafa ákveðið að skella sér í utanlandsferð til Brighton í Englandi dagana 30. mars-2. apríl 2012.

Á haustfundi félagsins væri gott ef konur gætu staðfest þátttöku í ferðinni svo að hægt sé að láta ferðaskrifstofuna vita um fjölda o.þ.h.

Í tengslum við utanlandsferðina stefnum við á að halda aðventu/jólamarkað í Þjórsárveri seint í nóvember eða í byrjun desember. Stefnan er að hafa markaðinn sem fjölbreyttastan og er öllum velkomið að fá bás, hvort sem um kvenfélagkonur er að ræða eða ekki.

Hugmyndin er að nota ágóða af því sem við kvenfélagkonur seljum upp í ferðina. Á markaðnum ætlum við einnig að hafa kaffisölu.

Nú er um að gera að leggja höfuð í bleyti. Sumar vilja kannski gera sultu til að selja, þrjóna, mála eða bara hvað sem er. Það er gott að hafa tímann fyrir sér svo að markaðurinn heppnist vel.

Auðvitað eru allar konur velkomnar, hvort sem þær stefna á utanlandsferð eða ekki.

Með kærri kveðju og von um góðar undirtektir
Skemmtinefndin

Árangur Samhygðarfólks á Héraðsmóti HSK 21.-22. júní á Selfossi

400 m hlaup

Sæti Árangur

Nafn

2. **52,17** Kristinn Þór Kristinsson

Kringlukast

2 **33,12** Stefán Geirsson

800 m hlaup

1 **1:57,48** Kristinn Þór Kristinsson

Kúluvarp

2 **11,35** Stefán Geirsson

5000 m hlaup

1 **16:10,30** Kristinn Þór Kristinsson

3 **25:19,20** Markús Ívarsson

Frá UMF Baldri

Íþróttæfingar í Einbúa

Íþróttæfingarnar halda áfram í allt sumar á þriðjudagskvöldum kl. 20:30-22:00. eru allir krakkar hvattir til að mæta og hafa gaman í hoppum, fótbolta eða leikjum.

Er með hvítar bréfdúfur til sölu og Íslenskar haughænur (Landnáms) bæði loðnar og snöggar ungar og varphænur.

Með bestu kveðju

Ragnar Sigurjónsson

s 8203565

Frá Umf. Vöku:

Ungmennafélagsreiðtúrinn

Nú er komið að hinum árlega reiðtúr ungmennafélagsins Vöku. Mæting er kl 13:30 í Þjórsárveri sunnudaginn 28. ágúst. Farið verður upp Þingdalsafleggjara og þaðan að Skotmannshól. Hver og einn tekur með sér nesti sem verður borðað einhversstaðar í leiðinni. Allir eru velkomnir, á þjálfuðum sem óþjálfuðum hestum og vonumst við til að sjá sem flesta.
Skemmtinefndin.

Úrslit af mótum

Meistarmót Íslands – Selfossvelli 23.-24. júlí

Haraldur Einarsson

100 m. – 5. sæti 11,02 sek (undanrásir 11,09 sek) meðvindur of mikill

400 m. – 3. sæti 51,29 sek

200 m. – 5. sæti 22,91 sek (undanrásir 23,31 sek)

Gautaborgaraleikarnir – Svíþjóð

Haraldur Einarsson

100 m. – 11.43 sek.

400 m. – 49.62 sek. Vökumet

Gönguferð Vöku

Farið var í gönguferð ungmennafélagsins 17. júlí síðastliðinn í blíðskapar veðri. Það voru 9 einstaklingar sem mættu og óku sem leið lá inn Mosfellsdalinn en þar hófst gangan sem lá um Laufskörð og upp á Hátind. Gangan tók 6 klukkutíma og við komumst hæðst í 906 m hæð yfir sjávarmáli. Útsýnið var frábært og segja má að við höfum staðið á mörkum Suðurlands og Vesturlands þar sem við sáum vel yfir báða landshlutana. Allir komu glaðir en þreyttir niður aftur og við erum strax farin að hlakka til göngu næsta árs.

Frjálsíþróttæfingar!

**Lokaæfing hjá Vöku og Samhygð verður þann 23 ágúst nk.
Þjálfari.**

Vökumenn!

Nú er Samhygðar og Vökumótið að skella á og seinustu forvöð til að koma sér í form fyrir keppnina. Við hvetjum alla til að fjölmenna á mótið og sýna hvað í þeim býr! Ef stökkfóturinn er orðinn slappur og kasthöndin komin með tennisolnboga þá er alltaf þörf á röskum starfsmönnum til að munda málbandið og raka pæluna. Hlökkum til að sjá ykkur öll hvort sem þið eruð keppendur, starfsmenn eða klappstýrur. Gerum gott mót og verjum titilinn!

Pistillinn

Ritstjórn Áveitunnar gerir nú tilraun til að vekja pistilinn upp af þeim væra blundi sem hann hefur sofið síðan í vor. Skorar ritstjórn á formann Kvenfélags Hraungerðishrepps, Veroniku Narfadóttur í Tóni að rita næsta pistil og skora svo á annan pistlahöfund í framhaldinu.

Bestu kveðjur, ritstjórn

Ágætu íbúar í Flóahreppi!

Ég hef ég verið með smá fréttapistla á Útvarpi Suðurlands FM 963 á Þriðjudögum kl 11, og sagt frá mönnum og málefnum. Ef það er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri, viðburðir eða Fyrirtækjakynningu og eða eitthvað annað þá er ég með síma 8203565 og netfangið: icedgordon@gmail.com

Með bestu kveðjum
Ragnar Sigurjónsson

Hvolpar á Egilsstöðum 2.

Erum með 3 hvolpa sem vantar gott heimili í sveit, fæddir 14 júní. Eru Bordercollie blendingar undan Klaka Jökulssyni frá Egilsstaðakoti og Mollý frá Egilsstöðum 2. Nánari upplýsingar gefur Guðsteinn Frosti í síma 8918856/ 486-3322

Frá Búbót bændaverslun í Gömlu-Þingborg

Við þökkum fyrir góðar kveðjur og móttökur vegna opunar Búbótar. Núna höfum við til sölu nautakjöt, svínakjöt, bleikju, reyktan lax, kornvörur, grænmeti, egg, sultur og sælgæti. Um er að ræða upprunamerktar vörur úr næsta nágrenni. Búðin er opin á fimmtudögum frá 16:00-19:00, föstudaga 14:00-19:00, laugardaga og sunnudaga frá 12:00-18:00 eða eftir samkomulagi. Verslum í heimabyggð.

Með bestu kveðju, Gauti og Guðbjörg á Læk

Dagskrá mánaðarins

| | |
|----------------------------|-----------|
| Ípróttæfing í Einbúa | 2. ágúst |
| Ípróttæfing við Þjórsárver | 2. ágúst |
| Ípróttæfing í Einbúa | 9. ágúst |
| Ípróttæfing við Þjórsárver | 9. ágúst |
| Ípróttæfing í Einbúa | 16. ágúst |
| Ípróttæfing við Þjórsárver | 16. ágúst |
| Ípróttæfing í Einbúa | 23. ágúst |
| Ípróttæfing við Þjórsárver | 23. ágúst |
| Ípróttæfing í Einbúa | 30. ágúst |

**Munið frjálsípróttæfingar Samhygðar og
Vöku á þriðjudagskvöldum kl. 19-20 á
ípróttavellinum við Þjórsárver.**



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160